Það er sérstök tilfinning að ganga inn í sýningarsal fyrstu hæðar Listasafns Reykjavíkur þar sem Gabríela Friðriksdóttir hefur komið fyrir innsetningarverki sínu -Versations/Tetralógía.

Orðabók Gabríelu

Slík örvun mætir skilningarvitunum að ekki verður hjá því komist að verða fyrir sterkum áhrifum. Heysáta gefur af sér sæta angan, upphleyptar myndirnar á veggjunum virka þannig að mann langar að snerta þær, hljóðin eru forvitnileg og þegar gengið er eftir moldarganginum er það eins og að þramma aftur í tímann. Ekki nóg með það heldur kallast það sem fyrir augu ber á dularfullan hátt á við innstu sálarfylgni áhorfandans, líkt og um öflugan draum væri að ræða. Það er vissulega óhætt að mæla með þessari skemmtun.



Blaðið/Frikki

Við settumst við borð úti við stóran glugga kaffistofu listasafnsins. Gabríela pantaði sér expresso en blaðamaður þrýsti uppáhellingu í hvítan bolla úr hárri silfurlitaðri kaffikönnu. Svo var ýtt á upptökutakkann.

Fyrst af öllu langar mig að forvitnast um titil sýningarinnar, Versations/Tetralógía. Hvaðan kemur til dæmis nafnið „Versations"?

„Ég hef lengi pælt mikið í því hvernig hugurinn virkar. Hvaða leiðir við förum þegar við erum að hugsa um hlutina, hvernig við tjáum okkur og hvernig tjáskipti ganga fyrir sig á meðal manna. Fyrir svona fimm árum síðan fór að bera á umræðu sem snerist um að Íslendingar væru sérstaklega lélegir í einhverju sem heitir „con-versation" eða samræðum. Þegar menn ætluðu sér að tala saman þá væru þetta bara hópar, sem hver úr sínu horni færi með ræðu og svo væru bara endalausar ræður, ræður, ræður, en engar samræður. Fólk fór bara með sitt erindi en skiptist ekki á skoðunum.

Eins og til dæmis í venjulegu kvöldverðarboði þá ganga samskiptin oft þannig fyrir sig að hver og einn er stöðugt að reyna að ná til sín orðinu. Tala hæst og vera fyndnastur. Þetta er ólíkt því sem ég þekki frá meginlandinu en þar hefur mér stundum verið boðið í kvöldverði ásamt öðru fólki þar sem gestgjafinn hefur séð það fyrir að hópurinn muni eiga auðvelt með að stilla samræðustrengina og tala kannski sérstaklega um eitthvað eitt málefni. Þetta hef ég hins vegar lítið upplifað með Íslendingum."

Íslenski listheimurinn er nýfermdur

Gabríela segir íslenska myndlistasögu unga og telur að við höfum verið að fermast fyrir um fimm árum síðan en nú, árið 2006, séum við orðin samræðuhæf við alþjóðlega myndlistarheiminn.

Meinarðu þá að litli listheimurinn á Íslandi sé búinn að læra að eiga samræður við stóra myndlistarheiminn þarna úti?

„Já og þessi stóri hefur um leið opnað fyrir þessum litla þannig að núna er meiri „con-versation" á milli þessara heima. Það sem íslenskir myndlistarmenn þurftu alltaf að vera að glíma við hér áður var að sannfæra umhverfið um að list væri einhvers virði - að það væri hreinlega einhver tilgangur með því að gera myndlist. Allt okkar púður fór í að sannfæra fólk um þetta og reyna að smíða einhverja umgjörð í kring. Það er til dæmis bara eitt faggallerí á Íslandi í dag..., þó að þau séu nokkur að koma upp núna og eiga eflaust eftir að fara langt, en I8 er eina gallerýið sem fer á erlendar „messur" með sína myndlist."

Daníela í MH

Gabríela og eiginmaður hennar, Daníel Ágúst, fluttu nýverið heim frá Belgíu en þar voru þau búsett í þrjú ár. Það hentaði Gabríelu vel að búa erlendis í þennan tíma þar sem mikil ferðalög eru oft hluti af starfi myndlistarmanna og gott að vera á meginlandinu þar sem hægt er að nýta sér landleiðina að áfangastað. En allt hefur sinn tíma. Daníela, dóttir þeirra hóf nám í MH síðastliðið haust og Gabríela vill undirbúa næsta verk sitt hérlendis.

Tengist næsta verk á einhvern hátt þessari sýningu?

„Já, en það verður samt ólíkt. Myndböndin verða til dæmis allt öðruvísi. Það má segja að ég sé með ákveðið lotukerfi af efnum sem ég nota. Í sýningunni Versations/Tetralógía sést lítið í plottið en í þeirri næstu fær áhorfandinn að sjá hvernig það varð til, eða hvað býr að tjaldarbaki. Núna fær áhorfandinn bara að sjá tjaldið sjálft."

Maður er alltaf svolítið svipaður

Hvernig virkar lotukerfi Gabríelu?

„Þetta er eiginlega svona tilfinningalegt lotukerfi þar sem ég set saman efni og hvað þau tákna. Hvað táknar það til dæmis að nota deig? Hvað táknar það að nota trjáhrískúlur? Hvað táknar að nota pappa? Og hvað þegar þessi efni eru sett saman? Hvað er það að segja þegar frumefni mín mætast og verða að samsettum jöfnum? Næsta verk mitt verður unnið á margvíslegan hátt. -mjög ólíkt þessu verki en auðvitað fer maður ekkert út úr líkamanum. Maður er náttúrlega fastur í þessu hylki. Maður er alltaf svolítið svipaður, þroskast seint," segir Gabríela og hlær.

Í miðju lífsins

Þú notar mikið fornar erkitýpur úr Tarotspilunum, galdratákn og fleira sem mætti kalla aldagamlar sálfræðiþreifanir. Hvaðan kemur þessi áhugi?

„Já, það er rétt. Síðastliðin ár hef ég mikið verið að vinna með „element" sem eru mjög gömul. Ég er alger heildarhyggjusjúklingur og finnst best að skilja lífið út frá miðjunni. Þessi forna hugmynd Ptólómeusar um miðju jarðar höfðar til dæmis mikið til mín. Svo sækir maður sér efnivið út frá miðjunni og túlkar með því upplifun sína á þessari tilveru.

Gamla heimsmyndin var mikið til byggð á miðjukenningunum en síðar, þegar fólk áttaði sig á alheiminum fór allt að skiptast niður í smærri einingar og flokka og þar með splundraðist miðjan. Ég held að ég hafi ósjálfrátt leitað í þessar miðjukenningar þar sem ég vinn út frá sjálfri mér. Ég sjálf get bara fundið mína eigin þjáningu, sársauka, gleði eða aðrar tilfinningar. Þar af leiðir að miðjupunkturinn er náttúrlega lífið og ég sjálf í miðju lífsins –síðan teikna ég „hring" í kringum þetta. Næst tengi ég út í allar áttir að endamörkum hringsins eins langt og nýt aðstoðar visku vina minna, fólks og fyrirbæra sem ég hef sogað til mín. Við efnissöfnunina geta ferðalögin út frá miðjunni líka verið ansi löng og langt á milli en ekki línulaga eða neitt sérlega fræðimannsleg. Stundum hoppar maður frá Hnífsdal til Afríku og svo aftur í miðjuna með efniviðinn, en hann er þetta sem ég kalla lotukerfið mitt. Ég gæti eins kallað þetta orðabók en í henni myndu bara vera orð sem mér finnast hljóma vel eða flott á einhvern hátt án þess að það hefði endilega með hefðbundna merkingu þeirra að gera. Hún myndi ekki byrja á A.... Sem myndlistarmaður er maður ekki tilneyddur til að fylgja hefðbundnum aðferðum eða fara eftir einhverri fyrirfram ákveðinni beinagrind og það er þess vegna sem það felast svo margir möguleikar í því að vera myndlistarmaður," segir Gabríela og það er augljóst að henni líkar hlutskipti sitt vel.

ÚTSALA ÚTSALA
eico
www.eico.is
Skútuvogi 6 - Sími 570 4700
Opið virka daga 08:00 - 18:00
Opið á laugardögum frá 10:00 til 14:00
Panasonic 42" PLASMA
239.900.-
199.900.-
Panasonic TH-42PA40
SONY 40" LCD
309.900.-
269.000.-
Sony KLV-S40A10 40"LCD